

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Árlegt þjónustugjald vegna sorphirðu og sorpeyðingar á Seyðisfirði, til að standa undir kostnaði, er sem hér segir:

- A. Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbýli, eða íbúðarhús utan þéttbýlis greiðist þjónustugjald:
- | | |
|-------------------|------------|
| Sorphirðugjald | kr. 17.990 |
| Sorpförgunargjald | kr. 7.890 |
| Samtals: | kr. 25.880 |
- B. Tíðni losunar og rúmmál íláta:
- Þéttbýli:
- | | |
|------------------|---|
| Brún tunna 120 l | Hálfsmánaðarlega á sumrin en annars mánaðarlega |
| Grá tunna 240 l | Mánaðarlega |
| Græn tunna 240 l | Mánaðarlega |
- Dreifibýli:
- | | |
|-----------------|--|
| Jarðgerðartunna | Ekki losuð |
| Grá tunna 240 l | Mánaðarlega |
| Grænt kar 660 l | Á tveggja mánaða fresti. Sjá nánar á sorphirðudagatölum. |
- C. Fyrir hvert frístundahús (sumarbústaði o.þ.h.), greiðist þjónustugjald 30% af fullu gjaldi (kr. 25.880) enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæði á vegum sveitarfélagsins eða í reglubundna sorpsöfnunarferð sorpbíls á vegum sveitarfélagsins, þar sem aðstæður leyfa og þá samkvæmt sérstöku samkomulagi. Íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu greiða hvorki sorphirðu- né sorpförgunargjald af frístundahúsum sínum innan sveitarfélagsins sem þeir nýta sjálfir ef þeir greiða fullt sorpgjald af öðru íbúðarhúsnæði sem þeir búa í, í sveitarfélaginu.
- D. Fyrir hvert frístundahús (sumarbústaði o.þ.h.) sem nýtur fullrar sorpþjónustu frá fyrstu skipulögðu losun eftir 10. maí til síðustu skipulögðu losunar fyrir 27. september greiðist þjónustugjald sem nemur 50% af fullu gjaldi.
- E. Á Bjólfsbakka er móttökustöð og gámasvæði.
- F. Óski greiðendur eftir fleiri sorpílátum skal greiða fyrir:
- | | |
|------------------|-----------------|
| Grá tunna 240 l | kr. 5.950 á ári |
| Græn tunna 240 l | kr. 2.900 á ári |
| Brún tunna 120 l | kr. 2.900 á ári |

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu samkvæmt 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til söfnunarstöðvar:

<i>Meðhöndlun</i>	<i>kr./klst.</i>	<i>kr./klst.</i>
	<i>án vsk.</i>	<i>með vsk.</i>
<i>Tímavinna við flokkun og frágang</i>	3.090	3.832
<i>Vigtunargjald</i>	1.395	1.730
<i>Vigtunargjald utan opnunartíma</i>	7.698	9.549

	<i>Kr./kg án vsk.</i>	<i>Kr./kg með vsk.</i>
Óflokkað.		
<i>Grófur óflokkaður úrgangur</i>	33,00	40,90
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net og húsgögn.		
<i>Blandaður úrgangur</i>	28,20	35,00
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.		
Flokkað.		
<i>Seyra/úrgangur úr fituskiljum</i>	4,90	6,10
Endurvinnanlegt timbur	9,45	11,70
Hreint, ekki litað eða fúavarið		
<i>Óendurvinnanlegt timbur</i>	29,00	35,95
Litað, plasthúðað, spónaplötur o.þ.h.		
<i>Lífrænn úrgangur til jarðgerðar</i>	19,50	24,20
Tekið er við lífrænum úrgangi á söfnunarstöð á þriðjudögum		
<i>Kjöt og sláturúrgangur</i>	19,50	24,20
<i>Heimilistæki o.fl.</i>	0	0
<i>Bylgjupappi, dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír ótækur til endurvinnslu</i>	28,50	35,35
<i>Plast til endurvinnslu</i>	0	0
<i>Bylgjupappi sem er tækur til endurvinnslu</i>	0	0
<i>Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír tækur til endurvinnslu</i>	0	0
<i>Garðaúrgangur án aðskotahluta</i>	0	0
Spilliefni og spilliefnamengaður úrgangur o.þ.h. sem úrvinnslugjald er ekki lagt á:		
<i>Oliuúrgangur s.s. ódælanlegur úrgangur og olíumengaður jarðvegur, tvistur o.fl.</i>	27,50	34,10
<i>Ýmis spilliefni, s.s.málning, lyf, sprautunálar, flugeldar, úðabrusar.</i>	87,50	108,50
<i>Umbúðir spilliefnamerktar eða -mengaðar > 100 l</i>	5.730 kr./stk.	7.105 kr./stk.
<i>Umbúðir spilliefnamerktar eða -mengaðar < 100 l</i>	1.445 kr./stk.	1.792 kr./stk.
Móttökugjald fyrir einstaka farma m³	<i>kr./án vsk.</i>	<i>kr./með vsk.</i>
<= 0,25(1/4)	830,40	1.030,00
<= 0,50(1/2)	1.660,00	2.058,00
<= 0,75(3/4)	2.480,00	3.075,00
<= 1,00	3.320,00	4.116,00

4. gr.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds. Starfsmaður söfnunarstöðvar ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa á úrgangi, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni. Flutningsaðilar á úrgangi á móttökustað ábyrgjast greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða

gera grein fyrir með óyggjandi hætti, almennt eða í einstöku tilfalli, hver sé ábyrgur úrgangshafi hvers farms. Íbúar Seyðisfjarðar geta afhent allt að 3 m³ af forflokkuðum úrgangi á ári án þess að greiða sérstaklega fyrir það, enda sé um heimilisúrgang að ræða.

5. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustupætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

6. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöld eru tryggð með lögveðs-rétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin af bæjarstjórn með stoð í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Seyðisfirði, nr. 661/2016, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Gjaldskráin er samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar 13. desember 2017. Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu á Seyðisfirði, nr. 137/2014.

Seyðisfirði, 18. desember 2017.

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri.